REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. málsl. fellur brott.

b. Í stað orðsins „Þá“ í 2. málsl. kemur: Í fjárfestingarstefnu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. málsl. fellur brott.

b. Í stað orðsins „Þá“ í 2. málsl. kemur: Í fjárfestingarstefnu.

3. gr.

Í stað fylgiskjals með reglugerðinni kemur fylgiskjal sem birt er með reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 39. gr. a. og 56. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, tekur þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 2. nóvember 2026.

F. h. r.
Guðrún Þorleifsdóttir.

Anna V. Ólafsdóttir.

Fylgiskjal.

Í hlutfalli af heildareignum		I	II		III	IV	V	VI		VII	VIII	
		Markmið um eigna-samsetningu	Vikmörk*		Núverandi eigna-samsetning	Hámark skv. samþykktum**	Gengisbundin verðbréf	Vikmörk		Óskráð verðbréf	Vikmörk	
			Lægri	Efri				Lægri	Efri		Lægri	Efri
A.a	Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs											
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf											
A.c	Sértryggð skuldabréf											
B.a	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga											
B.b	Innlán											
B.c	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS þar sem a.m.k. 90% undirliggjandi eigna eru í eignaflokki A, B.a eða B.b.											
C.a	Skuldabréf og víxlar lánastofnana og vátryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum											
C.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS											
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga											
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu											
E.a	Hlutabréf félaga og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa félaga											
E.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu											
E.c	Fasteignir											
F.a	Afleiður											
F.b	Aðrir fjármála-gerningar, þó ekki afleiður											

	Eignir í erlendum gjaldmiðli											

* Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

B deild - Útgáfudagur: 16. nóvember 2026